

Staðgreiðsla 2014

Prepaskiptur tekjuskattur

Staðgreiðsla skatta er reiknuð í þremur þrepum.
Útreikningur fyrir mánaðartekjur verður sem hér segir:

| | |
|-------------------------------|--------|
| Af fyrstu 290.000 kr. | 37,30% |
| Af næstu 494.619 kr. | 39,74% |
| Af fjárhæð umfram 784.619 kr. | 46,24% |

Hér er átt við tekjur eftir að iðgjald í lífeyrissjóð hefur verið dregið frá. Frá reiknuðum skatti dregst persónuafsláttur, sem er 50.498 kr.

Vikulaun

Pegar laun eru greidd vikulega skal reikna staðgreiðslu skatta af launum sem hér segir:

| | |
|--------|------------------------------|
| 37,30% | af fyrstu 66.740* kr. |
| 39,74% | af 66.741-180.570** kr. |
| 46,24% | af launum umfram 180.570 kr. |

Ef laun eru breytileg er heimilt að jafna þeim milli vikna, innan mánaðarins, þannig að staðgreiðsla mánaðarins verði rétt.

* $3.480.000/365 * 7 = 66.740$. ** $9.415.428/365 * 7 = 180.570$.

Persónuafsláttur á mánuði er 50.498 kr.

Persónuafsláttur ársins 2014 er 605.977 kr. eða 50.498 kr. á mánuði. Við ákvörðun staðgreiðslu opinberra gjalda frá og með 1. janúar 2014 skal því draga persónuafslátt frá reiknuðum skatti sem hér segir:

- Ef launatímabil er einn mánuður 50.498 kr.
- Ef launatímabil er hálfur mánuður 25.249 kr.
- Ef launatímabil er fjórtán dagar 23.243 kr.
- Ef launatímabil er ein vika 11.621 kr.
- Ef launatímabil er annað en að framan greinin skal ákvarða persónuafslátt launatímabils þannig:

Kr. $\frac{605.977}{365}$ X dagafjöldi launatímabilsins

Heimilt að nýta 100% afslátt frá maka

Pegar launamaður nýtir skattkort maka síns er launagreiðanda heimilt að nota allan þann persónuafslátt (100%) sem skattkortið veitir rétt til.

Sjómannaafsláttur

Sjómannaafsláttur fellur niður.

Frítekjumark barna er 180.000 kr.

Börn sem fædd eru 1999 og síðar og ná því ekki 16 ára aldri á árinu 2014 greiða 6% skatt án persónuafsláttar af tekjum sínum umfram 180.000 kr. Á skilagreinum RSK 5.12 og sundurliðunum RSK 5.06 eða í vefskilum skal til-taka heildarlaun án tillits til frádráttar.

Frádráttur vegna iðgjalda í lífeyrissjóð

Greidd lífeyrissjóðsiðgjöld 4% af launum til viðurkenndra lífeyrissjóða samkvæmt lögum um skylduþryggingu lífeyrisréttinda eru frádráttarbær og ber að taka mið af því við afdrátt staðgreiðslu. **Heimilt er að veita til viðbótar frádrátt allt að 2% af iðgjaldsstofni til aukningar lífeyrisréttinda eða lífeyrissparnaðar samkvæmt ákvörðun sjóðsfélaga, enda séu iðgjöldin greidd reglulega til lífeyrissjóða eða aðila skv. 3. mgr. 8. gr. laga um skylduþryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Sama gildir um iðgjöld manna sem hafa með höndum atvinnurekstur. Frádráttur vegna iðgjalds í séreignarsjóð hækkar 1. júlí 2014 og verður 4%.**

Tryggingagjald o.fl. til staðgreiðslu er 7,59%

Tryggingagjald er 7,49%. Að viðbættu gjaldi í ábyrgðarsjóð launa og markaðsgjaldi verður staðgreiðsla þessara gjalda 7,59%. Af launum sjómanna á fiskiskipum greiðast til viðbótar 0,65% í iðgjald vegna slysatryggingar:

| | |
|--|--------------|
| • Almenn tryggingagjald | 6,04% |
| • Atvinnuþryggingagjald | 1,45% |
| • Tryggingagjald alls | 7,49% |
| • Gjald í ábyrgðarsjóð v/gjaldþrota | 0,05% |
| • Markaðsgjald | 0,05% |
| • Samtals til staðgreiðslu | 7,59% |
| • Viðbót vegna launa sjómanna | 0,65% |
| • Samtals af launum sjómanna [á fiskiskipum] | 8,24% |

Um tryggingagjald vegna launa þeirra starfsmanna sem eru með vottorð E-101 gilda sérstakar reglur.

Fjársýsluskattur til staðgreiðslu er 5,5%

Fjársýsluskattur er lagður á fjármálafyrirtæki, verðbréfa-fyrirtæki og tryggingafélög auk Íbúðalánasjóðs. Skatthlufallið er 5,5% og skattstofninn eru allar tegundir launa og þóknana. Skatturinn er greiddur mánaðarlega í staðgreiðslu.

Rafræn skil á staðgreiðslu, sjá skattur.is

Dæmi um útreikning á staðgreiðslu

Stofn til staðgreiðslu eru öll staðgreiðsluskyld laun þegar tekið hefur verið tillit til frádráttarbærs iðgjalds launþega í lífeyrissjóð. Í dæmi 1 hér á eftir eru heildarlaun fyrir einn mánuð 320.000 kr. Iðgjald í lífeyrissjóð, þ.e. framlag launþega, er 4% eða 12.800 kr. (sbr. þó heimild til viðbótarfrádráttar, sjá bls. 1).

Í dæmi 2 eru heildarlaun 860.000 kr. og iðgjald í lífeyrissjóð 34.400 kr.

Staðgreiðslan myndi reiknast á eftirfarandi hátt:

| Dæmi 1 | | | Dæmi 2 | | |
|-----------------------------|---------|---------|-----------------------------|---------|---------|
| Stofn til staðgreiðslu | 307.200 | | Stofn til staðgreiðslu | 825.600 | |
| Útreikningur | | | Útreikningur | | |
| 290.000 | 37,30% | 108.170 | 290.000 | 37,30% | 108.170 |
| 17.200 | 39,74% | 6.835 | 494.619 | 39,74% | 196.562 |
| | 46,24% | 0 | 40.981 | 46,24% | 18.950 |
| Reiknuð staðgreiðsla | | 115.005 | Reiknuð staðgreiðsla | | 323.682 |
| Frá dregst persónuafsláttur | | 50.498 | Frá dregst persónuafsláttur | | 50.498 |
| Staðgreiðsla | | 64.507 | Staðgreiðsla | | 273.184 |

Noti maður skattkort maka nýtir hann allan (100%) þann afslátt sem kortið veitir.

Dæmi um útreikning á tryggingagjaldi

Stofn til tryggingagjalds er hærri en staðgreiðsluskyld laun þar sem mótframlag launagreiðenda til lífeyrissjóða myndar stofn til tryggingagjalds. Undanþegin gjaldskyldu er sú fjárhæð sem launagreiðandi fær endurgreidda úr Fæðingarorlofssjóði. Í dæmi 1 hér að framan voru heildarlaun 320.000 kr. Við það bætist mótframlag launagreiðanda í lífeyrissjóð, sem í þessu dæmi er 8% af 320.000 kr. eða 25.600 kr.

Í dæmi 2 eru heildarlaun 860.000 kr. og iðgjald í lífeyrissjóð 68.800 kr.

Tryggingagjald og gjöld sem innheimt eru með því myndi reiknast á eftirfarandi hátt:

| Dæmi 1 | | Dæmi 2 | |
|---------------------------|---------|---------------------------|---------|
| Stofn til tryggingagjalds | 345.600 | Stofn til tryggingagjalds | 928.800 |
| Staðgreiðsluhlutfall | x 7,59% | Staðgreiðsluhlutfall | x 7,59% |
| Tryggingagjald o.fl. | 26.231 | Tryggingagjald o.fl. | 70.496 |

Dæmi 1. um útfyllta skilgrein LÖGABILA

| RSK RÍKISSKATTSTJÓRI | | Skilgrein staðgreiðslu af launum | |
|---|-----------------|---|------------|
| | | Eintak innheimtumans | |
| Kennitala | Greiðslutímabil | A Staðgreiðsla og tryggingagjald samtals (B+C+D) | Kr. 90.738 |
| 440469-4469 | 01 2014 | B Staðgreiðsla af greiddum launum | 64.507 |
| Nafn - heimili - póststöð launagreiðanda | | C Staðgreiðsla af reiknuðu endurgjaldi | |
| Gjafavörverslunin ehf. | | D Tryggingagjald | 26.231 |
| Laugavegi 202 | | E Heildarfjárhæð greiddra launa | 320.000 |
| 100 Reykjavík | | F Reiknað endurgjald greiðanda | |
| Undirritaður staðfestir að skýrsla þessi er gefin eftir bestu vitund og er í fullu samræmi við fyrirliggjandi gögn. | | G Samtala til afstemmingar (A+B+C+D+E+F) | 501.476 |
| 14. 2. 2014 | Björn Björnsson | <input type="checkbox"/> Engin laun greidd á tímabilinu | |
| Dagsetning | Undirskrift | | |

Dæmi 1. um útfyllta skilgrein SJÁLFSTÆTT STARFANDI EINSTAKLINGA

| RSK RÍKISSKATTSTJÓRI | | Skilgrein staðgreiðslu af launum | |
|---|-----------------|--|------------|
| | | Eintak innheimtumans | |
| Kennitala | Greiðslutímabil | A Staðgreiðsla og tryggingagjald samtals (B+C+D) | Kr. 90.738 |
| 290259-2009 | 01 2014 | B Staðgreiðsla af greiddum launum | |
| Nafn - heimili - póststöð launagreiðanda | | C Staðgreiðsla af reiknuðu endurgjaldi | 64.507 |
| Björn Björnsson | | D Tryggingagjald | 26.231 |
| Laugavegi 201 | | E Heildarfjárhæð greiddra launa | |
| 100 Reykjavík | | F Reiknað endurgjald greiðanda | 320.000 |
| Undirritaður staðfestir að skýrsla þessi er gefin eftir bestu vitund og er í fullu samræmi við fyrirliggjandi gögn. | | G Samtala til afstemmingar (A+B+C+D+E+F) | 501.476 |
| 14. 2. 2014 | Björn Björnsson | <input checked="" type="checkbox"/> Engin laun greidd á tímabilinu | |
| Dagsetning | Undirskrift | | |